




# DALABYGGÐ

## AÐALSKIPULAG 2004 - 2016 - Sorpurðunarsvæði og breyting á vegi



Breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:100.000.



Gildandi aðalskipulag Dalabyggðar, staðfest í ágúst 2009. Mkv. 1:100.000.

### Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Lögbýli / Eyðibýli (til skýringar)
- Þéttbýli
- Íbúðarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Þjónustustofnanir
- Iðnaðarsvæði
- Athafnasvæði
- Frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði

### Verndarsvæði

- NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI
  - Friðlýst svæði; Breiðafjörður skv. sérlögum nr 54/1995
  - Svæði á Náttúruminjaskrá
  - Hverfisvernd vegna náttúruminja
- ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI
  - Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- VERNÐARSVÆÐI GRUNNVATNS
  - vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
  - Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
  - Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla

### Veitur

- RAFVEITA
  - Háspennulínur 33kV - 220kV
  - Háspennulínur 19kV
- HITAVEITA
  - Stofnæð hitaveitu
- VATNSVEITA
  - Stofnæðar vatnsveitu
- FJARSKIPTI
  - Ljósleiðari
- NÁMASVÆÐI
- SORPFÖRGUNARSVÆÐI

### Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Safnvegir (eingöngu til skýringar)
- Flugvöllur
- Megin reiðleiðir
- Aðrar reiðleiðir (eingöngu til skýringar)
- Gönguleiðir
- Mörk jarða, mörk eru óviss og ekki tæmandi

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Dalabyggð vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin tekur til sorpurðunarsvæðis á Höskuldssstöðum, breytingar á Vestfjarðavegi nr. 60, við Fellsenda í Miðdölum, ásamt tengingu Fellsendavegar og Hlíðarvegjar við Vestfjarðaveg. Þá er tilfærsla á námu E14. Gerð er breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins og greinargerð.

Lýsing breytingar var auglýst í október 2013. Aðalskipulagsbreytingin var kynnt á opnu húsi og samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn í desember 2013. Skipulagsstofnun hefur veitt meðmæli, 15. mars 2013, til útgáfu framkvæmdaleyfis vegna brúargerðar, í samræmi við 1. t.l. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá var fyrirhugað urðunarsvæði tilkynnt til Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. viðauka laga um umhverfismat nr. 106/2000.

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, sem var staðfest 24. ágúst 2009.

#### Breyting að lokinni auglýsingu

Tillaga að breyttu aðalskipulagi var auglýst frá 27. febrúar til 11. apríl. Engar athugasemdir bárust en ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Vegagerð vörðandi vatsból við Fellsenda. Því er vatnsból í farvegi Reykjadalárs, Nr. 2 - Fellsendi, fellt út af aðalskipulagi enda ekki nýtt lengur. Þá er vatns-vernarsvæði, í flokki III, í farvegi Suðurrá/Hundadalárs minnkað.

#### 2. LÝSING / NÁTTÚRUFAR

Væntanlegt urðunarsvæði er um 5 ha að stærð og er ofan þjóðvegjar í Laxárdal, í landi Höskuldssstaða. Svæðið tekur yfir lítið gróid holt en melagróður og rýrt mólandi er á svæðinu. Holtið er að hluta til gamalt námusvæði sem búið er að jafna yfir og loka. Yfirborðsvatn fellur til norðurs en lækur rennur austan svæðis. Gert er ráð fyrir að urða árlega allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi.

Væntanlegt veg- og námusvæði er að mestu leyti lítt grónar áreyrar Reykjadalárs. Vegur verður færður lítilla til vesturs og ný brú yfir Reykjadalárs verður byggð. Fellsendavegur og Hlíðarvegur verða tengdir við Vestfjarðaveg. Náma E14 sem er í gildandi skipulagi verður færð til, niður á áreyrar.

#### 3. SORPURÐUNARSVÆÐI

Á væntanlegu urðunarsvæði á Höskuldssstöðum í Laxárdal verður einungis urðaður óvirkur úrgangur sem ekki skapar mengunarhættu. Svæðið er um 5 ha að stærð og er í landi Höskuldssstaða, en liggur að merkjum við Hornstað. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu. Gert er ráð fyrir að árlega verði urðað allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi. Starfsemi er starfsleyfisskyld sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s. br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Gert er ráð fyrir að urðunin verði áfangaskipt þannig að einungis verði lítið svæði undir hverju sinni, en nánar verður gerð grein fyrir þeirri skiptingu í deiliskipulagi.

Skilgreint er allt að 5 ha urðunarsvæði í landi Höskuldssstaða og landbúnaðarsvæði minnkar að sama skapi. Í greinargerð aðalskipulags, kafla 3.2.7, um förgunarsvæði á Höskuldssstöðum, bætist við eftirfarandi texti: „Einnig er gert ráð fyrir um 5 ha urðunarsvæði þar sem heimilt verður að urða árlega allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi“.

#### 4. VEGUR OG BRÚ YFIR REYKJADALARSÁ

Gert er ráð fyrir færslu á Vestfjarðavegi, nr. 60, við Reykjadalárs. Breytingin tekur til færslu vegarins á um 1100 m kafla og nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Reykjadalárs. Brúin verður um 40 m vestan núverandi brúar. Einnig verður gerð lítillhátar breyting á Fellsendavegi og Hlíðarvegi til að tengja þá við Vestfjarðaveg. Gert er ráð fyrir að núverandi brú verði nýtt fyrir reiðveg.

#### 5. NÁMA

Gert er ráð fyrir færslu námu E14. Náman verður á áreyrum skammt neðan fyrirhugaðar brúar yfir Reykjadalárs og er áætlað að vinna efni úr henni í tengslum við breytingu á Vestfjarðavegi. Efnistaka úr námu vegna vegbreytingarinnar verður undir 25.000 m<sup>3</sup> og er því ekki tilkynningsskyld framkvæmd. Gerð verður breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins, þar sem náman verður færð niður á áreyrar.

#### 6. UMHERFISSKÝRSLA

Við greiningu á þeim þáttum sem talið er að geti orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta breytinguna út frá eftirfarandi umhverfisþáttum:

- Samfélag og byggð, þ.m.t. útivist, byggð, ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi.
- Náttúrufræðileg þættir, þ.m.t. landslag, gróður- og vatnafar, dýralíf og sjónrænir þættir.
- Heilsa og öryggi, þ.m.t. umferðaröryggi, útivist og loft- og hljóðmengun.
- Vernd og minjar, þ.m.t. vatns-, hverfis- og náttúruvernd, fornleifar og aðrar menningarminjar.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af tenstu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið er notað við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu hér neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

UMHERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á					
VALKOSTIR	Samfélag og byggð	Náttúrufrar og landslag	Heilsa og öryggi	Verndarsvæði og minjar	
Breytt aðalskipulag	Auknar framkvæmdir styðja við stefnu sveitarstjórnar um að styrkja atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum. Framtíðarsvæði til sorpurðunar.	Urðunarsvæðið er nú þegar raskað og lítt gróid. Veg- og námusvæðið er að mestu ógrónar áreyrar. Fugl eða tófa sækir ekki í óvirkan úrgang. Framkvæmdin er ekki líkleg til að hafa áhrif á dýralíf.	Tvíbreið brú bætir umferðaröryggi. Umferð hesta og bíla verður aðskilin. Urðun dragur úr akstri sorps / minni mengun.	Óvirkur úrgangur - lítil mengunarhætta grunnvatns eða yfirborðsvatns.	Engin áhrif.
Aðalskipulag 2004-2016	Landbúnaðarland skerðist ekki.	Engin áhrif.	Einbreiðar brýr og reiðleiðir yfir akstursbrýr skapa hættu.	Engin áhrif.	

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Lítil sem engin áhrif

#### 7. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Helstu áhrif breytts aðalskipulags eru sjónræn vegna rasks á framkvæmdatíma. Megin markmið sveitarstjórnar með breytingunni er að koma sorpurðun sveitarfélagsins á svæði sem nýst getur til framtíðar, samhliða því að ekki skapast mengunarhætta út frá starfsemi. Mjög lítil hættu er á mengun út frá óvirkum úrgangi og yfirborðsvatn mun ekki renna frá svæðinu í nálæga skurð eða læk. Ekki er talin hættu á mengun í grunnvatni en það verður vaktað til að tryggja að mengun berist ekki í Laxá. Þá mun draga úr akstri sorps með tilkomu nýs sorpurðunarsvæðis.

Með tilfærslu vegar og nýrru brú á Reykjadalárs verður umferðaröryggi aukid til muna, en brúin er einbreið í dag. Gert er ráð fyrir að núverandi brú á Reykjadalárs nýtist fyrir hestamenn og að umferð bifreiða og hesta verði þannig aðskilin, sem bætir öryggi beggja hópa.

Breytt aðalskipulag styrkir atvinnulíf á svæðinu, sérstaklega á framkvæmdatíma, en skerðir lítilla landbúnaðarland. Breytingin hefur ekki áhrif á minjar eða verndarsvæði. Í heild hefur aðalskipulagsbreytingin jákvæð áhrif á samfélagið.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann 15. apríl 2014

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 27/5 '14

Guðrún Salla Gunnarsdóttir

Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 - 2016 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

	DALABYGGÐ	
STEINSHOLT	Aðalskipulagsbreyting	
Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholt.is	Verk: 3811 SA110 Mkv: 1:100.000 Bláðstærð: A2	Dags: 25.11.2013 Breytt: 13.02.2014 14.04.2014
Hannað: GG, AJ, IS Teiknað: IS	Samþykkt:	